



Fundargerð 15. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 21. október 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Linda Karlsdóttir (LK), Baldvin Hansson (BH), Páll Jónsson (PJ)

Mættir varamenn: Andri Már Sveinsson (AMS)

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS / BH ritaði fundargerð

1. Vörugjöld á innflutningi keppnistækja

Formaður fór yfir stöðuna á niðurfellingu á undanþágu á vörugjöldum og skráningarskyldu ökutækja. Undanfarnar vikur hefur verið opinber umræða um þessi mál sem að einhverju leyti er á villigötum. Formaður tjáði stjórn að hann hafi nú þegar fundað með Samgöngustofu og hefur sent Skattinum erindi til staðfestingar afgreiðslu sambandsins á umsögnum um keppnistæki. Engar athugasemdir hafa borist AKÍS frá þessum aðilum tengdar umsögnum. AKÍS mun senda frá sér greinargerð á næstunni þar sem farið verður yfir þessi mál til upplýsingar fyrir aðildarfélög sambandsins og akstursíþróttafólk.

Frá fjármálaráðherra hefur komið tillaga um að fella niður undanþágu vörugjalda á keppnistækjum. Stjórn fór yfir málið og mun mótmæla þessari breytingu harðlega. Jafnframt verður málið kynnt aðildarfélögum og þau höfð með í ráðum við meðferð málsins.

2. Formannafundur

Farið var yfir dagskrá formannafundar sem verður send með síðari fundarboði.

Formaður mun búa til drög af skýrslu stjórnar og mun senda hana til stjórnar til staðfestingar. Formannafundur hefst kl 10:00 á Hótel Selfossi.

3. Siðareglur AKÍS

Búið er að uppfæra drögin. Verða kynnt á formannafundi.



4. Önnur mál

Keppnistækjaskrá AKÍ- Keppnistækjaskrá AKÍ er stór og flókin. Farið verður í vinnu í vetur að uppfæra hana ásamt því að gera þær breytingar á mótakerfinu sem snýr að skáningu ökutækja í mótakerfið.

Til kynningar:

- *Keppnisdagatalið er nánast tilbúið. Dagatalið er þétt og það eru nokkrir árekstar sem þyrfti að skoða. Búið er að senda til aðildarfélaga að óska eftir að þeir renni yfir dagatalið og skoði hvort það sé hægt að leysa úr árekstrum fyrir formannafund*
- *Fundur var með afrekssjóði þar sem var verið að fara yfir umsóknarferlið fyrir 2026. Umsóknarfrestur er 1.nóvember.*
- *Fyrsti fundur umferðaöryggisráðs var í vikunni þar sem fulltrúi AKÍ sat fundinn og kom hagsmunum AKÍ á framfæri.*

Frá starfsmanni:

- Búið er að opna á kosningar um akstursíþróttafólk ársins bæði fyrir formenn og almenning. Valnefndin er tekin til starfa. Fundur með valnefndinni er fimmtudaginn 23 okt.
- Regluráð hefur sent keppnisgreinareglur 2026 í Rally. Stjórn staðfesti reglurnar og birtar verðar á heimasíðu sambandsins.

Næsti stjórnarfundur verður 4 nóv kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:14